

# KYNFERÐISEINELTI OG MÓTUN KVENLEIKANS Í ÍSLENSKRI SKÓLAMENNINGU

Kynferðiseinelti er einelti sem beinist að kynferði þess sem fyrir því verður, undir þeim formerkjum að viðkomandi sýni ekki viðtekinn kvenleika eða karlmennsku. Einelti af þessu tagi hefur lítið verið skoðað með fræðilegum hætti hérlandis. Í greininni er fjallað um kynferðiseinelti og upplifun ungmenna sem hafa af því reynslu. Eigindlegum rannsóknaraðferðum var beitt en gagnasöfnun fór fram í formi hálfstaðlaðra einstaklingsviðtala. Tekin voru viðtöl við níu ungmenni sem upplifað höfðu kynferðiseinelti á skólagöngu sinni í grunn- og framhaldsskólum. Niðurstöðurnar benda til þess að kynjamsrétti meðal unglinga sé yfirleitt hunsað í skólamenningu þeirra skóla sem um ræðir og að síður sé tekið á því einelti sem beinist að kynferði brotaþola en öðru einelti. Kynferðisleg áreitni og druslustimplun eru meðal birtingarmynda kynferðiseineltis og virðast eiga þátt í mótun kvenleikans. Niðurstöðurnar benda enn fremur til þess að nauðsynlegt sé að vinna með skólamenninguna í heild til þess að hægt sé að taka á og fyrirbyggja kynferðiseinelti.

Efnisorð: kynferðiseinelti, unglingar, skólamenning, druslustimplun, kynferðisleg áreitni

## INNGANGUR

Langflestar rannsóknir á ofbeldi og áreitni í skólum snúast um líkamlegt eða andlegt einelti auk þess sem sjónum hefur nýlega einnig verið beint að rafrænu einelti (Helga Lind Pálsdóttir, 2012). Þær viðbragðsáætlanir sem eru til staðar gegn einelti í íslenskri skólamenningu gefa til kynna að einelti þrífist en einnig að meðvitund sé um vandann og að reynt sé að vinna gegn honum. Það sést til að mynda á því að íslenskir skólar eru skyldugir til að hafa einhvers konar áætlun til að sporna gegn einelti auk þess að þeir eru skyldugir til að grípa til aðgerða ef eineltismál koma upp (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, 2016). Í umfjöllun um einelti virðist þó gjarnan horft fram hjá samtvinnun ýmissa mismunarbreyta á borð við kynferði og kynhneigð. Afar lítið er til dæmis til af rannsókn- um og umfjöllun um kynferðislega áreitni og einelti sem beinist að kyni brotaþola og á sér stað í skólum (Helseth, 2007; Lipson, 2001; Witkowska, 2005). Einelti sem snýr að kynferði einstaklinga er gjarnan útskýrt sem náttúrulegur eða eðlilegur hluti af þroskaferli barna og unglinga auk þess sem umfjöllun um einelti er oftast kynhlutlaus (Aaltonen,

2003; Lehtonen, 2003). Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er kynnt er tvíþætt, annars vegar að skýra hugtakið kynferðiseinelti og hins vegar að lýsa upplifun níu ungmenna af kynferðiseinelti í skólamenningu íslenskra grunn- og framhaldsskóla. Í greininni er spurt: Hvað er kynferðiseinelti, með hvaða hætti er það hluti af íslenskrri skólamenningu og á þátt í mótun kvenleikans, og hverjar eru afleiðingar þess?

## FRÆÐILEG UMRÆÐA

### Hvað er kynferðiseinelti?

Hugtakið kynferðiseinelti er hér sett fram sem regnhlífarhugtak sem margar ólíkar birtingarmyndir falla undir. Kynferði hefur bæði verið notað sem þýðing á kyni (e. sex) og kyngervi (e. gender). Orðið getur þannig bæði vísað til líffræðilegs munar kynja, flokkunar við fæðingu sem kona eða karl, en felur einnig í sér samfélagslega flokkun, í karlmennsku og kvenleika, sem vísar til ólíkra kynhlutverka og kynhegðunar. Í notkun á orðinu kynferði virðist yfirleitt vera gert ráð fyrir því að kyn og kyngervi passi saman og falli innan tvíhyggju karl- eða kvenkyns. M.ö.o. er gert ráð fyrir því að kynvitund fólks sé síis-kynja (e. cisgender) en manneskja telst vera síis-kynja þegar kynvitund hennar og/eða kyneinkenni samræmast því kyni sem henni var úthlutað við fæðingu (Samtökin 78 og Reykjavíkurborg, 2015). Ein andstæða þess er þá kynsegin (e. genderqueer) kynvitund. Það að vera kynsegin lýsir sér í því að kynvitund viðkomandi fellur fyrir utan tvíhyggju karl- eða kvenkyns (Samtökin 78 og Reykjavíkurborg, 2015). Hér verður orðið kynferði notað í þessu víða samhengi. Orðið kynferðiseinelti er einnig að hluta til byggt á enska hugtakinu *gendered bullying*, sem vísar til kyngervis sem útgangspunkts eineltisins, og á sænska orðinu *könsmobbing*. Fyrir utan það hvað orðið kyngerviseinelti er óþjálta þótti höfundum það ekki ná nægilega vel utan um þá mynd eineltis sem beinist að kyni, kyngervi og kynvitund.

Kynferðiseinelti er hvers konar hegðun og orðræða sem á þátt í að fella viðkomandi inn í viðtekinn kvenleika eða karlmennsku og viðheldur þannig andrúmslofti og menningu þar sem kynjamsrétti, fordómar og undirskipun jaðarhópa þrífst (Gustavsson, 2012; Jämställldhetsombudsmannen, 2000; Meyer, 2008a). Þegar talað er um viðtekinn kvenleika og karlmennsku er átt við að á hverjum tíma og á hverjum stað sé einhvers konar samfélagslega ráðandi karlmennska og viðurkenndur kvenleiki sem fólk er fellt inn í og gert ráð fyrir að það sýni (Connell, 2005; Jämställldhetsombudsmannen, 2000; Schippers, 2007). Með mótun er átt við félagsmótun áður nefndrar karlmennsku og kvenleika, sem byggist á skyldubundinni gagnkynhneigð, en sú mótun fer að miklu leyti fram í skólakerfinu og er hluti af hinni duldu námskrá skólakerfisins (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Inntak kynferðiseineltis getur þannig verið kyn, kyngervi, kynvitund og kynhneigð þess sem fyrir því verður. Kynferðiseinelti í skólum á rætur að rekja til viðtekinna viðhorfa og staðalímýnda um kynhlutverk. Kynferðiseinelti byggist einnig á kynjuðu valdamisræmi sem ríkir í skólameningunni og getur birst í niðrandi orðum, hegðun og andrúmslofti (Gustavsson, 2012; Helseth, 2007; Jämställldhetsombudsmannen, 2000; Lehtonen, 2003; Meyer, 2008a). Í reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (nr. 1009/2015) er einelti skilgreint sem „[s]íendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður,

svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta“. Kynferðiseinelti getur, líkt og annað einelti, verið líkamlegt, andlegt og kynferðislegt, og komið fram í orðum, útilokun eða með rafrænum hætti (Helseth, 2007). Kynferðiseinelti er ekki aðeins eitthvað sem gerist á milli drengja og stúlkna heldur einnig innan drengja- og stúlknaþópa sem hafa aðlagast skólamenningunni og standa vörð um þau viðmið og gildi sem ríkja um karlmennsku og kvenleika (Gustavsson, 2012; Meyer, 2008a). Hér er sérstaklega gerð grein fyrir tveimur birtingarmyndum kynferðiseineltis, kynferðislegri áreitni og druslustimplun, sem komu hvað skýrast fram í niðurstöðum rannsóknarinnar.

## Kynferðiseinelti í skólamenningu

Kynferðisleg áreitni er skilgreind í lögum sem „[h]vers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi.“ Það á einkum við þegar „hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg“ (lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, 2. gr.). Fjölmargar sænskar rannsóknir hafa sýnt fram á að kynferðisleg áreitni viðgengst í grunnskólum og menntaskólum (Ambjörnsson, 2004; Gádin, 2012; Osbeck, Holm og Wernersson, 2003; Witkowska, 2005). Stúlkur eru líklegri til að verða fyrir kynferðislegri áreitni en drengir og það eru yfirleitt drengir á sama aldri og stúlkurnar sem beita henni. Algengast er að stúlkur verði fyrir kynferðislegri áreitni í formi kynferðislegra og niðurlægjandi orða eða brandara. Flestar forðast þær hins vegar að skilgreina hegðunina sem kynferðislega áreitni, meðal annars vegna þess að þær vilja ekki vera álitnar fórnarlömb (Ambjörnsson, 2004; Gádin, 2012; Meyer, 2008a; Osbeck o.fl., 2003; Witkowska, 2005). Kynferðiseinelti í formi kynferðislegrar áreitni birtist til dæmis sem sífelldur þrýstingur á að sýna brjóst eða kynfæri, tala um kynlíf eða horfa á klám, auk þess sem menningin í skólafundum eða í frímínútum er með þeim hætti að nemendur, oftast stúlkur, eru hlutgerðir í orðum og hegðun (Gádin, 2012; Gustavsson, 2012; Helseth, 2007; Huuki, 2003; Jämställhetsombudsmannen, 2000; Witkowska, 2005).

Stúlkur sem haga sér á skjön við það sem þykir viðeigandi samkvæmt hefðbundnum hugmyndum um konur og kvenleika eru stundum kallaðar druslur. Enska hugtakið *slutshaming* hefur verið þýtt sem druslustimplun (Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir, 2015) og vísar til framkomu gagnvart, sér í lagi, konum og stúlkum sem einkennist af tilraunum til að láta þær skammast sín fyrir að sýna tiltekna kynferðislega hegðun (Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir, 2015). Reynsla kvenna og stúlkna einkennist oft af þeirri upplifun að vera fordæmdar jöfnum höndum fyrir ákveðna hegðun eða útlit og fyrir það að tileinka sér ekki þá sömu hegðun eða útlit (e. *damned if you do, damned if you don't*). Leið unglingsstúlkna að hinum viðtekna kvenleika felst í því að finna jafnvægi milli tveggja óæskilegra ímynda: 1) kynferðislega óaðlaðandi, ókvenlegu konunnar; 2) lauslátu, allt of kynferðislega virku druslunnar (Aaltonen, 2003; Ambjörnsson, 2004; Reay, 2001). Samkvæmt stimplunarkenningum Goffmans (1963) upplifir einstaklingur að hann sé minna virði í augum annarra þegar hann er stimplaður fyrir frávikshegðun. Það telur Goffman hafa þau áhrif að álit einstaklingsins á sjálfum sér falli og stimpillinn geti þannig orðið hluti af sjálfsmynd hans. Tanenbaum (2015) hefur fjallað sérstaklega um druslustimplun

og bendir á að ungar stúlkur séu sérlega líklegar til að taka til sín og samþykkja þau skilaboð samfélagsins að þær hafi gert eitthvað af sér, gert mistök. Það að vera stimpluð sem drusla telur hún þannig geta orðið til þess að brotáþolar gangist undir þá stimplun sem þær hafi orðið fyrir. Armstrong, Hamilton, Armstrong og Seeley (2014) telja hins vegar kenningar um innhverfingu druslustimplunar veita konum lítinn gerendamátt og þar vanti að tekið sé mið af samtvinnun mismunarbreyta. Armstrong og félagar sýna fram á tengsl druslustimplunar og stéttarstöðu kvenna og segja konur nota druslustimplun til að draga mörk á milli sín og annarra kvenna byggð á stéttarstöðu. Það að stimpla aðrar konur sem druslur getur þannig verið leið til að tryggja eigin stöðu innan viðtekens kvenleika. Leitast er við að sýna siðferðilega yfirburði og varpa druslustimplinum yfir á aðra hópa kvenna.

Skólamenning er þau viðhorf og venjur sem eru einkennandi eða dæmigerð fyrir viðkomandi skólastofnun. Skólamenning mótast fyrst og fremst af þeim skráðu og óskráðu reglum sem starfsfólk hefur í heiðri. Skólastjórar gegna lykilhlutverki í mótun, viðhaldi og breytingum á skólamenningu (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2011; Börkur Hansen, 1994; Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2005). Skólamenning hefur margvísleg áhrif á bæði starfsfólk og nemendur skóla og hefur til að mynda verið tengd líðan, einelti og námsárangri (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2011; Börkur Hansen, 1994; Thapa, Cohen, Guffey og Higgins-D'Alessandro, 2013).

Í sænskri handbók um kynferðiseinelti segir að samskipti unglingsstúlkna og unglingsdregja verði sífellt fyrir meiri áhrifum frá misvísandi og kynferðislega niðurlægjandi skilaboðum og gildum frá fjölmiðlum, auglýsingum og viðhorfum fólks í kringum ungmennin. Því er talin sérstök þörf á því að börn og unglingar fái stuðning og fræðslu frá fullorðnum um kynferðiseinelti og kynferðislega áreitni. Mikilvægt er að ekki sé litið á kynferðiseinelti og kynferðislega áreitni sem einangruð atvik í skólanum. Þess í stað verður að skoða samskipti nemenda í heild, bæði innan og utan kennslustofunnar, og skoða þau í samhengi við kynjamisrétti í samfélaginu (Jämställdhetsombudsmannen, 2000). Gådin (2012) hefur rannsakað kynferðislega áreitni meðal barna allt niður í sex ára og segir mikilvægt að muna að þó að kynferðisleg áreitni sé algeng meðal unglinga birtist hún ekki allt í einu á kynþroskaskeiðinu eins og sumir haldi fram heldur birtist viðhorfin og hegðunin mun fyrir. Gådin segir að áhersla í skólamenningunni á gagnkynhneigð rómantísk sambönd geri það að verkum að það sé sérstaklega eftirsóknarvert fyrir stúlkur að eiga kærasta en þess konar menning afskrifi áreitnina sem daður eða leik. Viðtekin viðhorf í skólamenningunni búi til það sem þykir „eðlilegt“ og það fylgi því jafnframt mikið vald að tilheyra hinu venjulega (Ambjörnsson, 2004; Holland, Ramazanoglu, Sharpe og Thomson, 1998; Meyer, 2008a). Connell (1987) heldur því fram að konur hafi minni völd í samfélaginu en karlar og hlutverk kvenna verði því að styðja við karla og ráðandi karlmennskuhugmyndir. Kvenleiki er því styðjandi við ráðandi karlmennsku og ríkjandi kynjamisrétti, þegar hann viðheldur hefðbundnum samfélagslegum viðmiðum sem gera ráð fyrir yfirráðum karla og undirskipun kvenna. Konur og stúlkur sem ögra því sambandi karlmennsku og kvenleika sem byggist á yfirráðum karla og undirskipun kvenna, með því að fara á skjön við hegðun sem talin er tilheyra kvenleikanum, sýna það sem Schippers (2007) lýsir sem mengandi kvenleika (e. pariah femininity). Fjöldi rannsókna hefur sýnt að kynferðisleg áreitni og hómófóbía eru viðteknir og samþykktir þættir skólamenningarinnar og að starfsfólk grípi

sjaldan eða aldrei inn í til að stöðva slíka hegðun (Chambers, Tincknell og van Loon, 2004; Duncan, 1999; Gay Lesbian and Straight Education Network (GLSEN) og Harris Interactive, 2005; Martino, 1999; Meyer, 2008b). Niðurstöður Meyers (2008b) benda til þess að eitt af því sem komi í veg fyrir að kennarar á unglingsstigi taki á kynferðislegri áreitni meðal nemenda í skólum sé skortur á stuðningi og skýrri stefnu skólastjórnenda og skortur á fræðslu um efnið í kennaramenntun og endurmenntun.

Hér hefur verið gerð grein fyrir tveimur birtingarmyndum kynferðiseineltis; kynferðislegri áreitni og druslustimplun, auk þess sem hugtakið var útskýrt og fjallað var um kynjamisrétti í skólamenntuninni. Næst verður fjallað um gögn og aðferðir og í niðurstöðukafla greinarinnar verður fjallað um birtingarmyndir kynferðiseineltis í íslenski skólamenntun.

## AÐFERÐIR OG GÖGN

Rannsóknin er eigindleg og lögð er áhersla á að skoða þá merkingu sem einstaklingar sjálfir leggja í upplifun sína og reynslu (Esterberg, 2002; Hart, 2005). Leitað var eftir þátttöku einstaklinga sem höfðu upplifað kynferðiseinelti á skólagöngu sinni. Það var gert með því að birta „auglýsingu“ á samskiptamiðlinum Facebook þar sem verkefninu var lýst með dæmum um birtingarmyndir kynferðiseineltis eins og um það hefur verið fjallað í erlendum rannsóknum (Gustavsson, 2012; Jämställdhetsombudsmannen, 2000) og óskað eftir þátttakendum sem byggju yfir reynslu af fyrirbærinu. Facebook-auglýsingin hafði þann kost að hún dreifðist víða og því er líklegt að náðst hafi til fjölbreyttara úrtaks fólks en ella. Einnig var farin sú leið að spyrja nokkra viðmælendur hvort þeir þekktu til fleiri ungmenna sem byggju yfir svipaðri reynslu og því var einnig beitt veltiúrtaki (e. snowball sampling). Níu einstaklingar á aldrinum 18–25 ára tóku þátt í rannsókninni, sex konur, tveir karlar og einn viðmælandi sem var kynsegin en notaði kvenkyns fornafn. Því verður vísað til viðmælenda sem notuðu kvenkyns fornöfn, þar sem þær eiga það allar sameiginlegt, í stað þess að tala um konurnar (sjö viðmælendur). Tveir viðmælendur voru samkynhneigðir. Kynferðiseineltið birtist með ólíkum hætti eftir kyni, kyngervi, kynhneigð og kynvitund. Hér verður lögð aðaláhersla á þær birtingarmyndir sem komu fram meðal viðmælenda sem nota kvenkyns fornöfn en reynsla hinna viðmælendanna er mikilvæg og hjálpar til við túlkun og gefur heildstæðari skilning á kynferðiseinelti (um reynslu hinna viðmælendanna, sjá Rannveigu Ágústu Guðjónsdóttur, 2017). Reynsla þátttakenda af kynferðiseinelti var breytileg og hafði kynferðiseineltið staðið frá einu ári og upp í fimm ár. Fjórir viðmælendur upplifðu kynferðiseinelti í framhaldsskóla, tveir í grunnskóla og þrír upplifðu það bæði í grunn- og framhaldsskóla. Viðmælendur voru úr ólíkum skólum, víðsvegar að af landinu, og þótt þeir hefðu upplifað ólíkar birtingarmyndir kynferðiseineltis, ýmist í grunn- eða framhaldsskóla, var reynsla þeirra og viðhorf um margt afar keimlík. Því kom fram ákveðin metttun á upplifun þeirra af kynferðiseinelti í skólamenntuninni sem skapaði heildarmynd þannig að ekki var talin þörf á fleiri viðmælendum. Markmið rannsóknarinnar var jafnframt, í takt við eigindlegar rannsóknaraðferðir, að öðlast dýpri skilning á kynferðiseinelti sem félagslegu fyrirbæri en ekki að alhæfa út frá niðurstöðunum (Esterberg, 2002). Þátttakendur eru um margt einsleitir hópur, sem má til að mynda rekja til þess að um fáa einstaklinga er að ræða og að ekki tókst að fá þátttakendur með fötlun,

af erlendum uppruna eða sem búa við ýmsa aðra mismunun. Það hefði getað dregið fram fleiri birtingarmyndir kynferðiseineltis og veitt dýpri skilning á þeim áhrifum sem samvinnun mismunarbreyta hefur á áreitni og einelti í skólamenningunni.

Gagnasöfnun fór fram með hálfopnum einstaklingsviðtölum, en það merkir að upplifun og reynsla hvers viðmælanda stjórnar því í hvaða röð spurningar úr viðtalsramma eru bornar upp og um hvað er spurt í framhaldinu (Braun og Clarke, 2013; Esterberg, 2002; Hennink, Hutter og Bailey, 2011). Spurt var út í bakgrunn og skólagöngu viðmælanda, reynslu þeirra af kynferðiseinelti og afleiðingar þess. Viðtölin fóru fram á tímabilinu ágúst 2016 til nóvember 2016 og tók fyrri greinarhöfundur öll viðtölin. Viðtölin voru á bilinu 32 til 100 mínútur á lengd. Þrjú viðtalanna fóru fram í fundarstofum eða á rólegum stað í Háskóla Íslands, þrjú fóru fram á heimilum viðmælanda, tvö voru tekin í gegnum Skype og eitt viðtal fór fram á kaffihúsi að ósk viðmælandans. Viðtölin voru hljóðrituð með staf-rænum hætti og síðan afrituð orðrétt í kjölfarið með samþykki viðmælanda. Öllum viðmælendum hafa verið gefin gervinöfn.

Notuð var aðferð grundaðrar kenningar (e. grounded theory approach) við að þema-greina gögnin (Kvale og Brinkmann, 2009). Fyrst voru viðtölin lesin yfir og mynstur og þemu í þeim greind. Hér var áherslan á upplifun viðmælanda en ekki fyrirbyggjandi þekkingu á kynferðiseinelti. Því næst voru sameiginleg þemu fundin og unnið með þau með markvissum hætti, m.a. með því að tengja þau fræðunum og fyrri rannsóknum. Lögð var áhersla á að veita viðmælendum upplýsingar um rannsóknina og tilgang hennar til að tryggja upplýst samþykki þeirra fyrir þátttöku sinni. Viðfangsefni rannsóknarinnar var viðkvæmt og gat ýft upp gömul sár viðmælanda. Allir viðmælendur höfðu unnið úr reynslu sinni með einhverjum hætti. Jafnframt virtust þau vera meðvituð um hin ýmsu meðferðarúrræði sem stóðu þeim til boða. Lögð var áhersla á að gæta fyllsta trúnaðar og sýna þátttakendum tilhlýðilega virðingu, jafnt í viðtölunum sjálfum og við úrvinnslu og meðferð gagna (Hennink o.fl., 2011; Kvale og Brinkmann, 2009). Af þeim sökum er t.d. ekki fjallað ítarlega um bakgrunn þátttakenda. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar.

## NIÐURSTÖÐUR

Hér verður fjallað um reynslu viðmælanda af kynferðislegri áreitni og druslustimplun, en það voru þær birtingarmyndir kynferðiseineltis sem komu skýrast fram í gögnunum. Enn fremur er fjallað um það hvernig kynferðiseinelti átti þátt í að móta kvenleika viðmælanda. Í þessum kafla er niðurstöðum og umræðu fléttað saman og túlkun á helstu þemum tengd við fyrri rannsóknir og kenningar.

### Kynferðisleg áreitni

Það kom endurtekið fram í viðtölunum að kynjamsírótti meðal unglinga væri hunsað í skólamenningunni og gert ráð fyrir að nemendur væru jafn valdamiklir. Þannig er þó horft fram hjá því að það valdamisræmi og þeir valdastrúktúrar, eins og kynjamsírótti og forðómar gagnvart hinseginfólki, sem ríkja í samfélaginu hafa einnig áhrif á börn og unglinga og geta því auðveldlega smitast inn í skólamenninguna. Vilborg lýsti skólamenningunni í þeim skóla þar sem hún varð fyrir kynferðiseinelti á þá leið að flestir strákarnir hefðu

verið með mikla kynferðislega áreitni við stelpurnar en nemendurnir hefðu samt verið ávarpaðir sem heild í þau fáu skipti sem talað var um vandann og þannig horft fram hjá því að um kynjað valdamisræmi væri að ræða:

Þetta var ekki þannig að þeir ættu ekki að hegða sér svona eða þeir kallaðir til, þetta var bara svona „við (með áherslu) eigum ekki að hegða okkur svona“ (þögn) þetta hormónaflug sem væri í gangi á göngunum, skilurðu, að við (með áherslu) ættum ekki að hegða okkur svoleiðis.

Orð Vilborgar benda til þess að „hormónaflug“ unglinga, og þá með vísan til þess að þeir séu að verða eða orðnir kynþroska, sé notað sem einhvers konar afsökun eða útskýring á kynferðislegri áreitni og kynferðiseinelti í skólamenningunni. Það kom einnig fram hjá Svandísi, sem sagði kynferðiseinelti og kynferðislega áreitni hafa verið viðtekna hegðun og lítið á slíkt sem eitthvað sem unglingar gerðu bara, án þess að horfa sérstaklega á aðra þætti, eins og kynjað valdamisræmi: „Mín upplifun er einhvern veginn að það hafi ekkert rosalega mikið verið skipt sér af. Bara unglingarnir eru svona.“ Sigríður sagði lítið hafa verið tekið á kynferðislegri áreitni í skólamenningunni: „Þetta var bara svona stríðni oft, sem hefði mátt stoppa en var bara afmáð af því að strákar eru strákar. Þetta var svolítið þannig menning.“ Þau viðhorf að strákar séu bara strákar, og fela til að mynda í sér að þeir eigi erfitt með að stjórna hegðun sinni (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004), áttu þátt í að gera lítið úr reynslu stúlkna af kynferðiseinelti. Það var áberandi í orðum þátttakenda að líta þannig á að reynsla þeirra hefði verið óhjákvæmileg. Vilborg sagðist þannig ekki hafa áttað sig á að það væri eitthvað athugasvert við það kynferðiseinelti sem hún upplifði í grunnskóla:

En fyrir mér var þetta líka bara einhvern veginn svo eðlilegt. Þetta var bara svona, „já svona er bara lífið, það er komið svona fram við alla hérna, í kringum mig. Ég er bara að lenda verst í þessu af því að ég er með stærstu brjóstin.“ Skilurðu eða eitthvað svona (hlær). Það er bara það sem maður heyrði.

Í orðum Vilborgar birtist sú hlutgerving kvenna sem ríkti í skólamenningunni og hve viðtekið valdamisræmi kynjanna var, þar sem henni þótti eðlilegt að hún yrði fyrir mestu kynferðiseinelti vegna þess að hún var með stærstu brjóstin. Hún bætti við: „En það var engin samkennd eða stuðningur á meðan á þessu stóð, sko. En það var kannski bara af því að það voru allir að lenda í þessu af einhverri gráðu.“ Orð Vilborgar lýsa því vel hve óhjákvæmileg kynferðisleg áreitni þótti vera í skólamenningunni. Ástæða þess að hún fann ekki fyrir samkennd eða stuðningi frá öðrum nemendum á meðan á þessu stóð getur verið sú að með því hefðu samnemendur hennar tekið sér virka stöðu á móti slíkri hegðun og viðhorfum og það hefði í kjölfarið aukið hættu á að þeir yrðu teknir fyrir sjálfir (Hägg, 2003; Meyer, 2008a). Kennarar og annað starfsfólk skólans átti oft þátt í að viðhalda kynferðiseinelti í skólamenningunni, oftast með aðgerðaleyzi gagnvart slíkri hegðun, en einnig lýstu tveir viðmælendur því að kennarar þeirra hefðu átt þátt í að stimpla stúlkur sem druslur. Það kom fram í því að kennararnir höfðu orð á því fyrir framan aðra nemendur að það sæist of mikið í brjóst vissra stúlkna eða að hegðun þeirra væri of kynferðisleg. Gerður sagði:

Það var einn kennari sem, ég var oft í svona hlýrabolum og það var kona sem var alltaf að tala um brjóstin mín fyrir framan allan bekkinn. Ég var mjög seinþroska, þannig ég var ekkert komin með brjóst þarna í níunda bekk. En hún var alltaf að segja eitthvað svona „Gerður, ég sé nú bara hérna allt of mikið“ þannig að allir í bekknum heyrðu. Og þannig að krakkarnir voru alltaf að tala um þetta og hlæja að þessu.

Kennarar taka virkan þátt í mótun kvenleikans með því að koma með athugasemdir sem ýta undir druslustimplun. Mótun kvenleikans á sér þannig stað víða í skólamenningunni með þátttöku kennara og nemenda. Viðmælendur höfðu allir orðið vitni að einelti á skólagöngu sinni og könnuðust jafnframt allir við að til væru aðgerðaráætlanir gegn einelti í skólum þeirra og meðvitund um það einelti sem féll inn í „hefðbundnar“ skilgreiningar á einelti. Það var áberandi í orðum viðmælenda að reynsla þeirra af kynferðiseinelti í skóla var ekki tekin alvarlega. Ástæðurnar virtust einmitt liggja í því að eineltið sneri að kynferði og þeir aðilar sem áttu að bregðast við og koma í veg fyrir það tilheyrðu sömu menningu, þar sem kynjað valdamisræmi er inngróið og viðgengst. Sigríði þótti kynferðiseineltið ekki komast á nógu alvarlegt stig til þess að gera þyrfti mál úr því: „Af því manni fannst það aldrei komast á það aggressive level [árásargjarnt stig]. Eins og maður þurfi að komast á eitthvað stig til að fá þennan [eineltis]stimpil, sko.“

Kynferðiseinelti virtist yfirleitt vera álitnið einstaklingsvandi en þannig fékk skólamenningin að vera óáreitt. Þegar farið var að tala opinberlega um druslustimplun innan framhaldsskóla Nínu sagði hún skólann hafa brugðist við með því að tengja vandann fortíðinni. Hún sagði skólann og samfélagsumræðuna í heild að mestu hafa snúist um skólablaðið, sem var þó aðeins einn vettvangur druslustimplunar innan skólans:

[Þ]á var alltaf bara talað um þetta blað, sko. Eins og blaðið væri vandamálið, það væri ekki bara attitude-ið [viðhorfið] ... allir að verja skólablaðið, „já það er nú búið að skána síðan þetta var“ það er ekki vandamálið. Það er attitude-ið [viðhorfið] og þessi hegðun og þetta viðhorf til kvenna sem að fær bara að vera hérna í menntaskóla. Og að það hafi ekki verið stuðningur fyrir nemendur og fyrir stelpur og að enginn skyldi standa upp og segja eitthvað. Af því að krakkarnir voru allir of óruggir og litlir í sér til þess að segja eitthvað og þess vegna er ég ekki reið út í neinn. Ég er ekki reið út í vini mína og ég er ekki reið út í einu sinni gerendurna vegna þess að ég veit að við vorum öll bara á einhverju svona bara óöryggis ... þannig, það eru bara, allir hugsa um sig og allir vilja bara passa sjálfan sig. Og þá finnst mér að kennarar geti haft þessi [áhrif].

Þær sem höfðu verið teknar fyrir í skólablaði framhaldsskólans og stimplaðar druslur lýstu því allar að í umræðunni væri lögð áhersla á að skólablöðin væru ekki eins slæm í dag og þau voru þá. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Rakel Magnúsdóttir (2014) gerðu úttekt á félagslífi framhaldsskólanema og niðurstöður þeirra leiddu í ljós að kynjaðar birtingarmyndir og orðræða sem einkennist af hefðbundnum staðalmyndum, grófu tali, kvenfyrirlitningu og kynferðislegru áreitni, hefði færst frá skólablöðum yfir á efni frá myndbandaráðum skólanna. Þannig að þó að skólablöðin séu „búin að skána“ þýðir það ekki að vandamálið sé horfið eða að viðteknar hugmyndir um kvenleika og karlmennsku hafi breyst.

Talsverð áhersla hefur verið lögð á hlutverk samfélagsmiðla og internetsins í einelti undanfarið (Helga Lind Pálsdóttir, 2012; SAFT, 2014). Netið og samfélagsmiðlar eru einn



vettvangur af mörgum þar sem kynferðiseinelti þrífst, og þá sem viðbót við aðrar birtingarmyndir kynferðiseineltisins en ekki orsök, samkvæmt upplifun viðmælanda. Netíð gerði það vissulega að verkum að hægt var að ná til margra á stuttum tíma, þannig að fjandsamlegum eða niðrandi augnagotum fjölgaði og orðrómur af sama toga magnaðist. Netíð gat þannig átt þátt í að ýkja upplifun brotaböla, sem gerðu sér í hugarlund að „allir vissu“, auk þess sem netíð virtist framlengja eineltið umfram skólatíma og gera það að verkum að viðmælandur upplifðu það að geta aldrei verið í friði.

## Druslustimplun

Orð viðmælanda gáfu til kynna að hugmyndir og viðhorf í skólamenningunni um kvenleika og karlmennsku hefðu átt sterkan þátt í mótun sjálfsmyndar þeirra. Það virtist geta skapað þeim aukinn virðingarsess að sýna kvenleika eða karlmennsku sem samræmdist ráðandi viðhorfum í skólamenningunni. Það er í samræmi við fyrri rannsóknir á unglingsárunum og mótun sjálfsmyndar (Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Sif Einarsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir, 2007; Sebastian, Burnett og Blakemore, 2008; Skeggs, 1999). Nokkrir viðmælandur vörpuðu ljósi á mikilvægi þess fyrir sjálfsmyndina á unglingsárunum að skapa sér nafn, koma sér á kortið og verða þannig til sem einhver. Það að hljóta athygli annarra getur því reynt sjálfsmyndinni afar mikilvægt. Unglingar geta þannig litið á kynferðislega áreitni og druslustimplun sem merki um vinsældir (Gáðin, 2012; Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir, 2015). Það var sameiginlegt með öllum viðmælandum sem nota kvenkyns fornöfn að hafa fengið að kenna á druslustimplun. Druslustimplunin sem Sigríður upplifði kom fram í því að skrifað var um hana með áberandi og niðrandi hætti í skólablað framhaldsskólans hennar eftir að hún hafði verið með dreng í stjórn blaðsins. Hún lýsti því vel hvernig ráðandi viðhorf í skólamenningunni fléttuðust inn í sjálfsmyndina og flæktu upplifun hennar af kynferðiseineltinu: „En ég held samt að það sem er svo brenglað við þetta er að ég hugsaði samt líka alveg „ókey, ég er samt alveg að fá athygli. Það er alveg nice [gott].““ Sú athygli sem fylgdi því að vera með druslustimpil virtist veita viðmælandum sem notuðu kvenkyns fornöfn þá stöðu að þær væru kynferðislega reyndar, og það gat veitt ákveðinn sess í skólamenningu unglunga. Það er í samræmi við niðurstöður rannsóknar um upplifun ungra karla af kynlífsmenningu framhaldsskólanema, en þar kemur fram að bæði unglingsstúlkur og unglingsdrengir upplifa þrýsting á það að stunda kynlíf, deila með öðrum sögum af kynlífsreynslu og standast klámvæddar útlitskröfur (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Þórður Kristinsson, bíður birtingar).

Vilborg hafði orðið fyrir síendurtekinni kynferðislegri áreitni í nokkur ár og verið stimpluð sem drusla í skólanum. Hún sagðist hafa tekið þeirri „athygli“ sem fylgdi druslustimpluninni sem hrósi en tók þó fram að þegar hún liti til baka hefði hún frekar viljað fá að vera áfram „ósýnileg“:

En ég tengdi það einhvern veginn ekki svona, ég tengdi bara „ókey þetta er karlmannsathygli, þetta er kannski ekki athyglin sem þú vilt en þú ert allavega að fá athygli. Er það ekki?“ ... Þú vilt þetta frekar en að vera ósýnileg. Sem að svona in retrospekt [þegar litið er til baka] ég hefði bara miklu frekar verið til í að vera. Haldið áfram bara eitthvað með bækkurnar mínar úti í horni.

Einelti er oft matreitt sem grín og ef brotapolar geta hlegið að reynslu sinni getur það veitt þeim ákveðinn virðingarsess (Huuki, 2003). Það kom endurtekið fram að viðmælendur hefðu reynt að taka þátt í gríninu, en það er skýr birtingarmynd þess hve eðlileg hegðunin þótti í skólamenningunni. Nína hafði síendurtekið verið stimpluð sem drusla með grófum og niðrandi hætti í skólablaði menntaskólans sem hún gekk í. Hún sagðist þó hafa reynt að taka þátt í gríninu:

Ég man ógeðslega vel eftir hvað það var hræðileg tilfinning, sko. Og ég svona var ekkert að fara að gráta þarna, skilurðu, bara hló að þessu og fór síðan bara heim. Ég vissi ekki alveg hvernig ég ætti að dila við þetta. En ég dílaði við þetta svona eins og mér fyndist þetta bara fyndið, sko. Og allir vinir mínir svona kóudu með þessu, það var aldrei neitt mikil umræða um þetta. Það var enginn sem sagði „hey þetta er ekki í lagi“.

Gerður lýsti því að hafa lagt sig fram um að taka þátt í gríninu og sýndi þannig vel hversu viðtekið kynferðiseinelti var í skólamenningu menntaskólans sem hún var í:

[Þ]etta eru kúl strákarnir augljóslega sem eru að gera þetta og ég sé alveg hvað er fyndið við þetta og vinir mínir voru að skoða þetta og ég bara „sjáðu þetta er geðveikt fyndið, sjáðu hérna og hérna“, þá var ég að reyna að koma mér inn í menninguna. Þá var ég ekkert mikið að gagnrýna þetta, þá gúdderaði ég þetta bara með því að, þú veist, „núna er ég komin í [menntaskóla] og svona er þetta hér og þetta er fyndið af því að þetta er svona“. En, þú veist, ég gagnrýndi þetta ekki neitt og gúdderaði bara menninguna eins og hún var.

Í orðum Gerðar kemur einnig skýrt fram hvað staða í valdastrúktúr skólamenningarinnar getur haft mikil áhrif á það hvaða viðhorf og hegðun er samþykkt og hver ekki. Í því samhengi er mikilvægt að benda á að það geta fylgt því ákveðin forréttindi að samþykkja ráðandi menningu og valdastrúktúra. Það getur verið leið til að reyna að draga úr frekari útskúfun og einelti, auk þess sem það getur verið tilraun brotapola til að taka sér vald yfir stimplinum og reynslunni (Aaltonen, 2003; Ambjörnsson, 2004; Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012; Huuki, 2003). Allir viðmælendur sem notuðu kvenkynsfornöfn lýstu því að það væri fólgin ákveðin staða eða „virðing“ í því að vera álitin aðlaðandi sem gerði það jafnvel eftirsóknarvert og skapaði ákveðna togstreitu að fá á sig druslustimpil. Druslustimpillinn gat í senn falið í sér niðurlægingu og skömm og undirliggjandi virðingarsess sem kynferðislega aðlaðandi og reynd.

Það kom endurtekið fram í orðum viðmælenda hve mjótt einstígi hins viðtekna kvenleika er á milli þess að vera of og ekki nóg. Nína sagði:

Þær mega ekki vera of miklar kynverur en mega ekki vera of litlar. Þú veist, stelpa má ekki hafa áhuga á meira kynlífi en strákurinn því þá er hún skritin og ef það er of lítið þá er hún bara týpísk leiðinleg kona, skilurðu, kynköld og ömurleg. Og síðan ef að stelpa sýnir of miklar tilfinningar þá er hún bara einhver psycho bitch [geðveik tík], það er líka þetta að þú mátt aldrei fara of mikið út í neitt, því þá ertu ekki heilbrigð ... þú mátt ekki vera of mikið máluð en þú mátt ekki vera of lítið máluð. Skilurðu? Það skiptir ekki máli hvar þú værir, það er alltaf sama. Og þarna, þá var ég bara of. Það var fullt af stelpum sem voru að gera miklu meira af hlutum en ég. Það var bara einhver sem ákvað, tókum þessa stelpu. Þetta hefði getað verið hver sem er.

Reynsla viðmælenda fellur vel að kenningum um að druslustimplun og kynferðiseinelti almennt sé ekki bundið við hegðun eða persónueinkenni brotþola heldur valdastrúktúra og staðalímyndir kynjanna í skólamenningunni og hegðun gerenda (Aaltonen, 2003; Gådin, 2012; Jämställhdetsombudsmannen, 2000; Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir, 2015; Osbeck o.fl., 2003; Witkowska, 2005). Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Þórður Kristinsson (bíður birtingar) benda á að ungir íslenskir karlar telji það ekki aðeins fara eftir fjölda bólfélaga stúlku hvort hún sé stimpluð sem drusla heldur fari það einnig eftir hegðun hennar almennt og hvort kynlífsreynsla hennar þyki á einhvern hátt umfram viðtekin viðmið hópsins. Kynferðislegt orðspor unglingsstúlkna er þannig brothættara en unglingsdrengja og þær eru dæmdar mun harðar fyrir hegðun sína og útlit en þeir. Viðmælendur sem notuðu kvenkyns fornöfn upplifðu oft mikinn samfélagsþrýsting á það að fara í sleik við stráka og sofa hjá þar sem það virðist vera afar viðtekin hegðun meðal unglinga. Þær fengu þannig oft það viðmót að þær væru ekki nógu góðar nema að hafa sofið hjá en væru hins vegar orðnar of kynferðislega virkar og þar af leiðandi druslur þegar þær hefðu sofið hjá, eins og kemur fram í orðum Vilborgar:

Og þá fór einmitt að bara klingja um [skólann] að ég væri drusla og ég væri bara ógeðsleg hóra sem væri búin að ríða, frá sömu strákum og sögðu mér að ég væri ekki neins virði fyrr en ég væri búin að ríða ... Og síðan var bara gert grín að manni fyrir það líka í gegnum allan skóla. Það var eitthvað svona „ha ha, hann káfaði á brjóstunum á þér, ha ha ha“.

Í druslustimplun fólust bein og óbein skilaboð til viðmælenda sem notuðu kvenkyns fornöfn um að þær höguðu sér ekki í takt við viðtekin viðhorf og þyrftu því að breytast. Herdís lýsti því hvernig hún reyndi að breyta hegðun sinni til þess að losna undan druslustimplinum og falla að hugmyndum um æskilegan kvenleika:

Og svo þegar þetta gerist allt þá er ég bara orðin svona alþekkt í skólanum og öllu og ég man einmitt á öðru ári þá hérna var einhver svona fyrsta ballið eða bjórkvöld, að þá svaf ég hjá einhverjum strák og þá fékk ég bara svona frá nokkrum bara „ókey, nú er nóg komið. Nú verður þú að hætta þessu“ og þá eitthvað svona hætti ég að drekka í smá tíma og ætlaði svona alveg að taka mig á, þú veist, svona að taka mig saman í andlitinu.

Viðmælendur virtust oft taka á sig ábyrgð á druslustimplun sinni, upplifðu skömm og reyndu jafnvel að passa sig með því að breyta hegðun sinni en áttuðu sig jafnframt vel á áhrifum samfélagsins: „Ef að enginn hefði frétt af þessu, þá hefði ég kannski ekkert séð eftir þessu,“ sagði Svandís og varpar þannig enn frekara ljósi á það hvernig hugmyndum um æskilegan kvenleika er miðlað og þær festar í sessi með druslustimplun. Kynferðiseinelti, eins og því er lýst hér, á margt skylt með kynferðisofbeldi. Samkvæmt Brownmiller (1975) er kynferðisofbeldi hluti af kynjakerfinu, þar sem karlar eru hærra settir og með meiri völd en konur, og ein meginundirstaða karllægra yfirráða. Ástæður þess telur Brownmiller felast í því að kynferðisofbeldi er valda- og ofbeldisglæpur sem ógnar öllum konum. Í kynjakerfinu er gjarnan litið á kynferðisofbeldi sem vanda þess sem fyrir því verður og þannig verður það undir hverri konu komið að passa sig, og það hefur áhrif á líf og atahafnir kvenna.

## Mótun kvenleikans

Í skólamenningu þar sem fastmótuð og hefðbundin viðhorf til kynjanna eru viðtekin getur kynferðiseinelti birst sem viðbrögð samfélagsins við því að einstaklingur fari á skjön við viðteknar hugmyndir um kvenleika og karlmennsku. Reynsla af kynferðiseinelti gerði það að verkum að viðmælendur reyndu að breyta hegðun sinni og laga hana á einhvern hátt að viðteknum viðhorfum um kvenleika. Niðurstöðurnar varpa þannig ljósi á mótun kvenleikans. Ekki er unnt að skoða mótun kvenleikans án þess að skoða einnig viðteknar hugmyndir um karlmennsku í skólamenningunni (Reay, 2001). Þó að karlkyns viðmælendur hefðu aðeins verið tveir mátti greina í orðum nær allra viðmælenda ráðandi hugmyndir um karlmennsku í skólamenningunni sem gátu reynst drengjunum sjálfum eða öðrum í kringum þá skaðlegar. Með ráðandi karlmennsku er átt við karlmennsku sem talin er eftir-sóknarverð (Connell, 2005). Af lýsingum viðmælenda má draga þá ályktun að ráðandi karlmennska í íslenskri skólamenningu sé fyrst og fremst gagnkynhneigð og andstæða þess sem er kvenlegt. Í sumum skólum virðist ráðandi karlmennska felast í klámfengnu tali um stúlkur og konur og hlutgervingu kvenna. Talsverður munur virðist hins vegar geta verið á ráðandi hugmyndum um karlmennsku og hegðun drengja á milli skóla, og tengdu viðmælendur þann mun skólamenningunni. Vilborg hafði skipt um skóla vegna kynferðiseineltis og tengdi gjörólíka hegðun drengjanna í seinni skólanum því hve ólíkar hugmyndir um karlmennsku hefðu verið í skólamenningunni. Hún sagði það hafa komið sér á óvart þegar hún varð ekki vör við neina kynferðislega áreitni í seinni skólanum og að þar hefðu drengirnir borið meiri virðingu fyrir stúlkum:

Þetta voru einhvern veginn öðruvísi gildi sem þeir höfðu heldur en strákarnir sem voru með mér í bekk í [gamla skólanum]. Þar var einhvern veginn meira svona bara, dogga gellur og vera karlmaður, þetta var allt, allt öðruvísi einhvern veginn. Svo er náttúrulega spurning hvort þetta tengist líka, hvort að strákarnir í [nýja skólanum] hafi horft kannski á minna klám eða eitthvað. Þegar ég hugsa um strákana sem voru með mest af þessu [að beita kynferðiseinelti] þá finnst mér þeir ekki hafa haft eins góð sambönd við svona sterkar kvenímyndir í lífinu, bara eins og mæður sínar eða systur sínar. Strákarnir í [nýja skólanum] voru einhvern veginn miklu ljúfari og gerðu sér meira grein fyrir því að konur væru fólk en ekki hlutir, skilurðu.

Íslenskir unglingsdrengir eiga Norðurlandamet í klámáhorfi (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2010) og virðist það áhorf oft koma í stað kynfræðslu. Ungir íslenskir karlar telja kynfræðslu ábótavant og að kynlífs- og klámvæðing hafi töluverð áhrif á hugmyndir, upplifun og kynlífshegðun ungmenna (Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir og Þórður Kristinsson, bíður birtingar). Frásögn Vilborgar lýsir því vel hve samdauna börn og unglingar geta orðið skóla- og klámmenningunni þar sem hún var undrandi á því að verða hvergi vör við kynferðislega áreitni og að skólabræður hennar kæmu fram við hana af virðingu.

Reynsla viðmælenda af kynferðiseinelti gefur innsýn í það hvað þarf til að falla inn í æskilegan kvenleika. Allar nema ein höfðu þær verið sjálfsöruggar sem börn og allar lýstu þær sér sem fyrirferðarmiklum, háværum og jafnvel skapmiklum börnum sem tóku pláss. Í viðtölunum kom hins vegar fram að slík hegðun og persónueinkenni þóttu ekki falla að viðteknum hugmyndum um kvenleika. Þær sem höfðu verið skapstórar, háværar, ákveðnar

og/eða fyrirferðarmiklar lýstu því að þær hefðu verið „þaggaðar niður“ með stríðni og úti-lokun, sem gerði það að verkum að þær urðu óruggar og drógu sig inn í skelina. Sú sem er kynsegin lýsti þeirri áreitni og kynferðiseinelti sem hún varð fyrir á skólagöngu sinni og tengdi það því að hún féll ekki að viðteknum hugmyndum um kvenleika:

Mér finnst ég vera hvorki strákur né stelpa, þannig það er ógeðslega erfitt að passa hvorki í stelpu- eða strákahópinn ... Svo náttúrulega þegar þú ert áreittur þá reynir maður náttúrulega allt sem maður getur til að vera sem kvenlegastur. Ég byrjaði að mála mig í níunda bekk eða eitthvað, bara svona til að reyna að fitta [passa] inn í normið.

Í orðum hennar sést hvernig hún nýtti leiðir eins og að mála sig til að laga hegðun sína að því sem var viðtekið sem kvenlegt. Lýsingar viðmælenda sem notuðu kvenkyns fornöfn á hegðun sinni og atferli sem börn einkennast af mengandi kvenleika, sem ögrar ráðandi kynjanormum í skólamenningunni. Mengandi kvenleiki og ögrun við ráðandi hugmyndir í skólamenningunni um hlutverk kynjanna kom til dæmis fram hjá Vilborgu sem tengdi reynslu sína af einelti því að hegðun hennar og atferli hefði ekki fallið að hugmyndum um kvenleika eða fylgt þeim kynjanormum sem voru við lýði í skólamenningunni:

Þá var ég byrjuð að vera lögð í svona pínu einelti af því að ég var svona svolítið á mínum eigin bát, gera bara mitt eigið thing og ekkert mikið í öllu þessu ... Ég líka, ég var öðruvísi, skilurðu, ég var náttúrulega alltaf bara með mitt eigið „fokkiði ykkur, já veriði kindur“ eitthvað svona sjálfstæðis thing, sem gekk svo náttúrulega bara ekkert svo vel.

Gerður lýsti því að femínískar skoðanir hennar í grunnskóla hefðu orðið til þess að hún upplifði félagslega einangrun:

Einhvern veginn undir lok grunnskóla, þegar ég er orðin miklu meiri svona manneskja, skilurðu, og búin að læra að hugsa svolítið femínískt þó að ég gerði það miklu meira í menntaskóla, þá vissi ég einhvern veginn að þau nenna ekki að hlusta á það, það var líka alveg svona tímabil þar sem ég var svona vinalaus af því að ég var svona farin að þurfa að hugsa „annað-hvort ætla ég að vera með þessu fólki eða standa með sjálfri mér, því sem mér finnst ég vera“. Þannig að ég var vinalaus í smá tíma.

Gerður fékk bæði að heyra það hreint út, auk þess sem það var ítrekað gefið í skyn með óbeinum hætti, að ekki væri rými fyrir femínískar skoðanir hennar í samskiptum við samnemendur og vini. Það er í samræmi við rannsókn Scharff (2016) sem fjallaði um hvernig femínismi virðist oft stuða og vekja óþægindi meðal ungmenna. Með því að kjósa að standa frekar með sjálfri sér og femínískum viðhorfum sínum sýndi Gerður mengandi kvenleika.

Upplifun af því að vera heppin að ekki fór verr var meira áberandi meðal þeirra viðmælenda sem nota kvenkyns fornöfn, sem ber með sér að þær séu meðvitaðar um hætturarnar sem felast í því að vera kona. Það eru hættur á borð við að vera líklegar til að verða fyrir kynferðisofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum (World Health Organization, 2017). Nína útskýrði hvað varð um þær stelpur sem urðu fyrir kynferðiseinelti í skólanum hennar og áttu ekki eins gott félagslegt net og hún eða voru að hennar mati viðkvæmari:

Ög þessar stelpur, allar bara, hurfu og hættu í skólanum. Ég var bara heppin að eiga vini og vera með gott á bak við mig og vera örugg fyrir. Annars hefði þetta, ef ég hefði ekki verið

svona sterk, skilurðu, þá væri ég á örugglega allt öðrum stað í dag og hefði átt allt öðruvísi skólagöngu ... Í alvörunni, ég var bara heppin af því að ég var komin í vinahóp og af því að ég átti gott á bak við mig. Og af því að ég hafði ekki lent í einhverju erfiðu áður og ég vissi að þetta var ósanngjarnt, einhvers staðar vissi ég það og ég vissi að, þú veist, að ég hafði ekki gert neitt, ég vissi það innst inni sjálf.

En upplifun viðmælenda af því að vera heppin varpar ljósi á viðtekin viðhorf í skólamenningunni þar sem það getur haft alvarlegar afleiðingar að falla ekki að viðteknum hugmyndum um kvenleika eða karlmennsku. Það að segjast vera heppin getur þannig líka verið þáttur í því að samþykkja hugmyndir um að hafa gert einhvers konar mistök, til dæmis að hafa ekki viðhaft æskilegan kvenleika og mega því hrósa happi að ekki fór verr, eins og lesa má úr orðum Svandísar: „Maður gerir ein svona mistök og þá er bara, ókey, þetta er það eina sem einkennir þig.“ Einelti getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir líf og líðan þeirra sem fyrir því verða og þar er kynferðiseinelti engin undantekning. Nemendur sem verða fyrir einelti sem beinist að kyni þeirra, kynhneigð eða kynvitund eru líklegri til að upplifa skólann sem óöruggt umhverfi og það getur haft alvarleg áhrif á námsárangur þeirra og mætingu og auknið líkur á brotthvarfi úr skóla (California Safe Schools Coalition, 2004; Kosciw, Greytak, Giga, Villenas og Danischewski, 2016; Meyer, 2008a). Það er í samræmi við þær afleiðingar sem komu sterkast fram í orðum viðmælenda. Kvíði, þunglyndi og félagsleg einangrun voru allt afleiðingar sem höfðu áhrif á upplifun viðmælenda af skólanum og á námsárangur þeirra. Einn viðmælandi flýtti útskrift sinni og tveir hættu námi í framhaldsskóla. Reynsla af kynferðiseinelti hafði einnig mikil áhrif á kynverund brotþola að því leyti að hún átti þátt í að brjóta niður mörk og skekkja hugmyndir þeirra um kynlíf og eigin kynverund.

Sex viðmælendur lýstu því skýrt hvernig það að eignast kærasta hefði á einhvern hátt bjargað þeim frá kynferðiseineltinu. Flestar þeirra lýstu því að með því að eignast kærasta hefðu þær losnað undan druslustimplinum. Sambandið verður þá sönnun þess að stúlka sé nógu kvenleg til að laða að sér karl, en þó ekki of kynferðisleg eða drusla (Ambjörns-son, 2004). Druslustimpillinn fylgdi Svandísi á milli skóla: „þá bara hélt fiskisagan áfram og þetta hætti ekki fyrr en í fyrsta bekk þegar ég kynntist kærastanum mínum í menntaskóla ... Þú veist, þetta hætti ekki fyrr en að kærastinn minn einhvertíma hótaði honum [aðalgerandanum] á einhverju balli.“ Svandís komst þannig í skjól frá kynferðiseineltinu þegar hún eignaðist kærasta. Fjórar þeirra sem höfðu orðið fyrir druslustimplun lýstu því að strákar sem þær hefðu kysst eða sofið hjá hefðu ekki viljað að neinn vissi af því og jafnvel orðið reiðir út í þær þegar það fréttist. Nína lýsti því hvernig hún upplifði sig flekkaða í samskiptum við stráka eftir druslustimplunina:

Ég var aldrei með neinum strák í langan tíma eftir þetta. Og þegar, ég var mjög hrifin af strák á þessum tíma og hann af mér en hann, ef við hittumst á balli eða eitthvað, þá fór hann með mig út af staðnum til að vera með mér, eða tala við mig eða kyssa mig, því hann vildi ekki láta sjá sig með mér.

Herdís bjó yfir svipaðri reynslu: „Svo varð hann alveg ótrúlega pirraður af því að ég sagði einhverjum frá því að það hafi gerst.“ Það virðist því ekki vera eftirsóknarverð karlmennska í skólamenningu þessa skóla að vera með druslu. Það er í samræmi við aðrar

rannsóknir, en íslenskir unglingsdrengrir greina frá því að það vilji enginn eiga kærustu sem sé drusla (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Þórður Kristinsson, bíður birtingar). Eins telur Meyer (2008a) ráðandi hugmyndir um karlmennsku geta gert það að verkum að drengrir beiti kynferðislegri áreitni og druslustimplun til að tryggja að þeir séu ekki taldir samkynhneigðir eða verði ekki sjálfir fyrir hómófóbiskri áreitni. Ótti um að verða fyrir kynferðiseinelti getur þannig leitt af sér kynferðiseinelti. Þegar Svandís, sem lýsti reynslu sinni hér að framan, átti orðið kærasta var druslustimpillinn ekki bara niðurlægjandi og særandi fyrir hana heldur fyrir kærastann hennar líka og þegar hann tók málin í sínar hendur hætti kynferðiseineltið. Með því að eignast kærasta og vera í gagnkynhneigðum samböndum virtust viðmælendur einnig fá möguleika á því að tjá sig um reynslu sína, eins og Nína náði lýsti svo vel: „Ég get tjáð mig um þetta núna af því að ég á kærasta, þá er ekki hægt að benda á mig og segja að ég sé drusla.“ Það að vera í gagnkynhneigðu sambandi og tilheyra þannig kærasta veitti ákveðið skjól sem Nína útskýrði nánar:

Ég er ekkert viss um að ég hefði farið að opna mig um þetta ef ég hefði verið einhleyp, skilurðu, hvort ég hefði gert það. Því ég hefði haft svo endalausar áhyggjur af því að „já, bíddu það finnst öllum strákum ég vera ...“ því ég var í rauninni, ég var að berskjalda mig 100%, því ég vissi ekkert hvort viðbrögðin yrðu: ókey, núna veit allur heimurinn að ég er drusla, eða nú veit allur heimurinn að ég var lögð í einelti.

Það gat falist ákveðin uppreisn æru í því fyrir viðmælendur að tjá sig um reynslu sína en um leið gat það verið ógnvekjandi þar sem það fól í sér að standa berskjaldaður frammi fyrir heiminum. Upplifun þeirra bendir til þess að unglingsstúlkur geti leitað í „skjól“ þess að eiga kærasta þegar þær upplifi sig flekkaðar eftir druslustimplun. Það virðist þó geta verið afar tvíbent þar sem viðmælendur upplifðu líka að unglingsdrengrir vildu ekki opinbera sambandið við þær vegna druslustimpilsins.

## SAMANTEKT

Kynferðiseinelti er einelti sem beinist að kyni, kyngervi, kynvitund og kynhneigð þess sem fyrir því verður. Það birtist sem síendurtekin stríðni, niðrandi athugasemdir eða útlökun vegna þess að viðkomandi fellur ekki að viðteknum hugmyndum um kvenleika eða karlmennsku. Þegar kynferðiseinelti fær að viðgangast á það þátt í að móta og viðhalda viðteknum kynjanormum í skólamenningunni. Kynferðiseinelti birtist meðal annars í kynferðislegri áreitni og druslustimplun, sem virðist vera viðtekin í skólamenningu sumra íslenskra grunn- og framhaldsskóla ef marka má niðurstöður þessarar rannsóknar. Kynferðisleg áreitni og druslustimplun eiga þátt í að móta kvenleika stúlkna. Þær stúlkur sem fóru út fyrir viðteknar hugmyndir um kvenleika með því að vera háværar, skapmiklar, sjálfstæðar eða fyrirferðarmiklar virtust vera „þaggaðar“ með kynferðiseinelti. Kynsegin börn og unglingar eru líkleg til að verða fyrir kynferðiseinelti þar sem kynvitund þeirra þykir ekki falla að viðteknum kvenleika eða karlmennsku (Helseth, 2007; Meyer, 2008a), líkt og birtist hér. Nauðsynlegt er að horfast í augu við ábyrgð fullorðinna á að taka á og koma í veg fyrir áreitni og einelti í skólum. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að þar sem rætur kynferðiseineltis liggja í skólamenningunni, sem að einhverju leyti endurspeglar

samfélagsmenninguna, verður að breyta skólamenningunni í heild til að koma í veg fyrir það (sjá einnig Meyer, 2008a, 2008b). Forsendur þess að hægt sé að breyta skólamenningu eru að skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skóla sé bæði meðvitað um kynjamsrétti í skólanum og hafi jafnframt í farteskinu verkfæri til að takast á við það. Guðný Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir (2016) benda á að þrátt fyrir mikinn áhuga kennaranema á kynjajafnréttisfræðslu hafi ekki verið komið til móts við þann áhuga í náminu sem skyldi og því sé þörf á að bæta þekkingu þeirra og efla slíka fræðslu í kennaranáminu. Niðurstöður Guðnýjar og Þórdísar sýna að þeir þrjú efnisþættir á sviði kynjajafnréttis sem kennaranemum þykir mikilvægast að læra meira um í námi sínu eru kynbundið ofbeldi og einelti, sem flestir telja mikilvægast, og þar á eftir koma kynbundnar staðalímyndir og kyn og margbreytileiki. Við tökum undir ákall Guðnýjar og Þórdísar og teljum jafnframt nauðsynlegt að fjallað sé um kynferðiseinelti og ólíkar birtingarmyndir þess í kennaranáminu þannig að þekkingin skili sér inn í skólana.

Þó svo að það væri engan veginn gerlegt að gera grein fyrir öllum birtingarmyndum kynferðiseineltis hér er mikilvægt að taka fram að kynferðiseinelti getur haft ýmsar birtingarmyndir og komið fram með ólíkum hætti, til að mynda þegar kyn tvinnast saman við aðra þætti, eins og fötlun, þjóðernislegan uppruna og stétt (Armstrong o.fl., 2014; Gay Lesbian and Straight Education Network (GLSEN) og Harris Interactive, 2005; Meyer, 2008a), sem þörf er á að gera betur grein fyrir og rannsaka í íslensku samhengi. Kynferðiseinelti þrífst í viðteknum staðalímyndum og skaðlegum hugmyndum um kvenleika og karlmennsku. Mikilvægi þess að sjá kynferðislega áreitni og druslustimplun sem birtingarmyndir kynferðiseineltis er fólgið í því að þar með eru viðurkennd þau áhrif sem kynferði og valdastrúktúrar í samfélaginu hafa á einelti. Þannig er því haldið til haga að einelti á sér ekki stað í samfélagslegu tómarúmi heldur í samspili við það kynjamsrétti sem viðgengst í samfélaginu. Þessi nálgun gerir það einnig mögulegt að bregðast við eins og gert er þegar um annað einelti er að ræða. Hér þurfa aðgerðaáætlanir og verkferlar að taka mið af kynferðiseinelti, þ.m.t. kynferðislegri áreitni og druslustimplun, rétt eins og öðru einelti.

## ATHUGASEMD

Þessi rannsókn er styrkt af styrktarsjóði Margaretar og Bents Scheving Thorsteinsson við Háskóla Íslands.

## HEIMILDIR

- Aaltonen, S. (2003). Told, denied and silenced: Young people's interpretations of conflicts and gender in school. Í V. Sunnari, J. Kangasvuo og M. Heikkinen (ritstjórar), *Gendered and sexualised violence in educational environments* (2. útgáfa, bls. 125–137). Oulu: Oulu University Press.
- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2011). Skólamenning og námsárangur. *Tímarit um menntarannsóknir*, 8, 19–37.
- Ambjörnsson, F. (2004). *I en klass för sig: Genus, klass och sexualitet bland gymnasietjejer*. Stockholm: Ordfront.



- Armstrong, E. A., Hamilton, L. T., Armstrong, E. M. og Seeley, J. L. (2014). "Good girls": Gender, social class, and slut discourse on campus. *Social Psychology Quarterly*, 77(2), 100–122. <https://doi.org/10.1177/0190272514521220>
- Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Sif Einarsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir. (2007). „Hægist mein þá um er rætt“: Birtingarmyndir eineltis í framhaldsskólum og líðan þolenda. *Uppeldi og menntun*, 16(1), 9–32.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: SAGE.
- Brownmiller, S. (1975). *Against our will: Men, women and rape*. New York: Ballantine Books.
- Börkur Hansen. (1994). „Svona gerum við hlutina hér!“. Stofnanamenning, stjórnun, gæði. *Uppeldi og menntun*, 3(1), 53–62.
- California Safe Schools Coalition. (2004). *Consequences of harassment based on actual or perceived sexual orientation and gender non-conformity and steps for making schools safer*. Davis: University of California.
- Chambers, D., Tincknell, E. og van Loon, J. (2004). Peer regulation of teenage sexual identities. *Gender and Education*, 16(3), 398–415. <https://doi.org/10.1080/09540250042000251515>
- Connell, R. W. (1987). *Gender and power: Society, the person and sexual politics*. Cambridge: Polity Press.
- Connell, R. W. (2005). *Masculinities* (2. útgáfa). Cambridge: Polity Press.
- Duncan, N. (1999). *Sexual bullying: Gender conflict and pupil culture in secondary schools*. London: Routledge.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.
- Gáðin, K. G. (2012). Sexual harassment of girls in elementary school: A concealed phenomenon within a heterosexual romantic discourse. *Journal of Interpersonal Violence*, 27(9), 1762–1779. <https://doi.org/10.1177/0886260511430387>
- Gay, Lesbian and Straight Education Network (GLSEN) og Harris Interactive. (2005). *From teasing to torment: School climate in America, a survey of students and teachers*. New York: Höfundur.
- Goffman, E. (1963). *Stigma: Notes on the management of a spoiled identity*. New York: Simon & Schuster.
- Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir. (2016). Kynjajafnrétti og kennaramenntun: Ákall kennaranema um aukna fræðslu. *Netla – Vefritar um uppeldi og menntun*. Sótt af [http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/10\\_ryn\\_arsrit\\_2016.pdf](http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/10_ryn_arsrit_2016.pdf)
- Gustavsson, M. (2012). *Så ingen blir ensam: Sexuella trakasserier och könsmobbing: Tilläggsmaterial till filmerna "Våga berätta" och "Du kan hjälpa"*. Helsingfors: Folkhälsan.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 3(1), 5–18.
- Hart, C. (2005). *Doing your masters dissertation*. London: SAGE.
- Helga Lind Pálsdóttir. (2012). *Rafrænt einelti: Skilningur og þekking unglunga* (óútfingin meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10354>

- Helseth, H. (2007). *Kunnskapsstatus om kjønnsrelatert mobbing blant barn og unge*. Nesna: Høgskolen i Nesna.
- Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2011). *Qualitative research methods*. London: SAGE.
- Holland, J., Ramazanoglu, C., Sharpe, S. og Thomson, R. (1998). *The male in the head: Young people, heterosexuality and power*. London: Tufnell Press.
- Huuki, T. (2003). Popularity, real lads and violence on the social field of school. Í V. Sunnari, J. Kangasvuo og M. Heikkinen (ritstjórar), *Gendered and sexualised violence in educational environments* (2. útgáfa, bls. 38–46). Oulu: Oulu University Press.
- Hägg, K. (2003). Aspects of sexual harassment from a Swedish perspective. Í V. Sunnari, J. Kangasvuo og M. Heikkinen (ritstjórar), *Gendered and sexualised violence in educational environments* (2. útgáfa, bls. 138–149). Oulu: Oulu University Press.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafraeðum.
- Ingvar Sigurgeirsson, Anna Kristín Sigurðardóttir, Börkur Hansen, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Hafdís Ingvarsdóttir, Lilja M. Jónsdóttir, ... Rúnar Sigþórsson. (2005). Ísjakinn færast ekki úr stað ef aðeins á að færa þann hluta sem sýnilegur er: Um kenningar Michael Fullan. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2005/019/>.
- Jämställhetsombudsmannen. (2000). *JämOs handbok mot könsmobbing i skolan*. Stokkhólm: Jämo.
- Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir. (2015). *Druslustimplun: „Þetta er ekki manneskja fyrir þér, þetta er bara netið“* (óúttekið meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/22729>
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Rakeł Magnúsdóttir. (2014). *Úttekt á félagslífi framhaldsskólanema*. Reykjavík: Samband íslenskra framhaldsskólanema.
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Þórður Kristinsson. (bíður birtingar). „*Mér finnst það bara verða grófara og grófara*“: *Upplifun ungra karla á kynlífsmenningu framhaldsskólanema*. Reykjavík: Jafnréttissjóður.
- Kosciw, J. G., Greytak, E. A., Giga, N. M., Villenas, C. og Danischewski, D. J. (2016). *The 2015 National School Climate Survey: The experiences of lesbian, gay, bisexual, transgender, and queer youth in our nation's schools*. New York: GLSEN.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing* (2. útgáfa). Los Angeles: SAGE.
- Lehtonen, J. (2003). Heteronormativity and name-calling: Constructing boundaries for students' genders and sexualities. Í V. Sunnari, J. Kangasvuo og M. Heikkinen (ritstjórar), *Gendered and sexualised violence in educational environments* (2. útgáfa, bls. 195–209). Oulu: Oulu University Press.
- Lipson, J. (2001). *Hostile hallways: Bullying, teasing, and sexual harassment in school*. Washington: American Association of Univ. Women Educational Foundation.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). *The Nordic youth research among 16 to 19 year old in Åland Islands, Denmark, Faroe Islands, Finland, Greenland, Iceland, Norway and Sweden*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

- Martino, W. (1999). "Cool boys", "party animals", "squids" and "poofters": Interrogating the dynamics and politics of adolescent masculinities in school. *British Journal of Sociology of Education*, 20(2), 239–263. <https://doi.org/10.1080/01425699995434>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum*. Sótt af [http://www.samband.is/media/skolamal/Oryggishanbok\\_grunnskola\\_2014.pdf](http://www.samband.is/media/skolamal/Oryggishanbok_grunnskola_2014.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2016). *Verklagsreglur um starfsemi fagráðs eineltismála í grunnskólum*. Sótt af <http://www.gegneinelti.is/static/pdf/verklagsreglur.pdf>
- Meyer, E. J. (2008a). A feminist reframing of bullying and harassment: Transforming schools through critical pedagogy. *McGill Journal of Education*, 43(1), 33–48. <https://doi.org/10.7202/019572ar>
- Meyer, E. J. (2008b). Gendered harassment in secondary schools: Understanding teachers' (non) interventions. *Gender and Education*, 20(6), 555–570. <https://doi.org/10.1080/09540250802213115>
- Osbeck, C., Holm, A.-S. og Wernersson, I. (2003). *Kränkningar i skolan: Förekomst, former och sammanhang*. Gautaborg: Göteborgs universitet. Sótt af <http://hdl.handle.net/2077/8440>
- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir. (2017). Kynferðiseinelti í íslenski skólamenningu. Reykjavík: Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar við Háskóla Íslands. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/28286>
- Reay, D. (2001). 'Spice girls', 'nice girls', 'girlies', and 'tomboys': Gender discourses, girls' cultures and femininities in the primary classroom. *Gender and Education*, 13(2), 153–166. <https://doi.org/10.1080/09540250120051178>
- Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015.
- SAFT. (2014). *Final public report 2012–2014*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af [http://saft.is/wp-content/uploads/2017/10/SAFTfinalreport\\_2012\\_2014.pdf](http://saft.is/wp-content/uploads/2017/10/SAFTfinalreport_2012_2014.pdf)
- Samtökin 78 og Reykjavíkurborg. (2015). *Hvað er hinsegin?* Reykjavík: Höfundar. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/hvad\\_er\\_hinsegin.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/hvad_er_hinsegin.pdf)
- Scharff, C. (2016). *Repudiating feminism: Young women in a neoliberal world*. London: Routledge.
- Schippers, M. (2007). Recovering the feminine other: Masculinity, femininity, and gender hegemony. *Theory and Society*, 36(1), 85–102. <https://doi.org/10.1007/s11186-007-9022-4>
- Sebastian, C., Burnett, S. og Blakemore, S.-J. (2008). Development of the self-concept during adolescence. *Trends in Cognitive Sciences*, 12(11), 441–446. <https://doi.org/10.1016/j.tics.2008.07.008>
- Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir. (2015). Drusluskömm. Í Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir (ritstjórar), *Rof: Frásagnir kvenna af fóstur-eyðingum* (bls. 133–145). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Skeggs, B. (1999). Seeing differently: Ethnography and explanatory power. *The Australian Educational Researcher*, 26(1), 33–53. <https://doi.org/10.1007/bf03219687>

- Tanenbaum, L. (2015). *I am not a slut: Slut-shaming in the age of the internet*. New York: HarperCollins.
- Thapa, A., Cohen, J., Guffey, S. og Higgins-D'Alessandro, A. (2013). A review of school climate research. *Review of Educational Research*, 83(3), 357–385. <https://doi.org/10.3102/0034654313483907>
- Witkowska, E. (2005). *Sexual harassment in schools: Prevalence, structure and perceptions*. Stokkhólmi: National Institute for Working Life og Department of Public Health Sciences, Karolinska Institutet. Sótt af <http://hdl.handle.net/2077/4349>
- World Health Organization. (2017). *World Health Statistics 2016: Monitoring health for the SDGs, sustainable development goals*: Genf: Höfundur. Sótt af [http://www.who.int/gho/publications/world\\_health\\_statistics/2016/en/](http://www.who.int/gho/publications/world_health_statistics/2016/en/)

Greinin barst tímaritinu 18. apríl 2017 og var samþykkt til birtingar 17. mars 2018

## UM HÖFUNDANA

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir (rag43@hi.is) lauk BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði með kynjafræði sem aukagrein frá Háskóla Íslands í júní 2014 og MA-prófi í kynjafræði frá sama háskóla í júní 2016. Hún er sjálfstætt starfandi rannsakandi. Rannsóknir hennar hafa snúið að femínískum grasrótarhópum og skorti á kynfræðslu, kynferðisofbeldi í nánnum samböndum unglinga, kynferðiseinelti og vinnumenningu í lögreglunni.

Gyða Margrét Pétursdóttir (gydap@hi.is) er dósent í kynjafræði við Stjórn málafræðideild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Hún gegndi áður stöðu aðjúnkts við sömu deild og lauk doktorsprófi í kynjafræði árið 2009. Rannsóknaráherslur hennar eru: Kynjafræði, femínismi, karlmennskur, kvenleikar, hrúnið, vinnumenning, kynjatengsl, fjölskyldu-ábyrgð, fæðingar- og foreldraorlof, hinsegin fræði.

## Gendered bullying and the making of femininity in the Icelandic school culture

### ABSTRACT

Most research on violence and harassment in schools revolves around physical or mental bullying with a more recent focus on cyberbullying as well. There has, however, been much less research and coverage on sexual harassment and gender directed bullying within schools (Helseth, 2007; Witkowska, 2005). Gendered bullying has the focal point that a person is not considered to show acceptable femininity or masculinity. The aim of this article is twofold; on the one hand, to develop and clarify the concept gendered bullying and, on the other, to map the experience of nine young people who experienced gendered bullying in Icelandic school culture. This article seeks to answer the following

question: What is gendered bullying, how does it manifest itself in the Icelandic school culture and what are its consequences?

Qualitative methods were used and interviews taken from August to November 2016. Participants were nine young people, from 18 to 25 years of age, who had experienced gendered bullying in elementary and/or upper secondary school. The participants were six women and two men, and one participant who did not identify within the male-female binary but did, however, use female pronouns. This made it vital to refer to participants who used female pronouns instead of referring to women. There was a certain saturation of the participants' experience of gendered bullying in the school culture, even though they had experienced different manifestations of gendered bullying that created a comprehensive view, so a need for more participants was not perceived. The aim of qualitative research is, moreover, not to generalize from the results, but to gain a deeper understanding of social phenomena and the community at large (Esterberg, 2002).

The conclusions show that gender inequalities seem to be normalized in the school culture of some Icelandic schools and that bullying directed towards gender and sexuality does not seem to be taken as seriously as other bullying. Gendered bullying is an umbrella concept, covering various manifestations. Here the focus was on sexual harassment and slut-shaming. Sexual harassment and slut-shaming seem to be the most common manifestations of gendered bullying among cis-gendered, straight, non-disabled girls. Being loud, independent, tempered or prominent did not seem to fit ideas of acceptable femininity and gendered bullying seemed to be the school culture's way to silence those who disobeyed and shape them into acceptable femininity. Sexual harassment was perceived as normal in most participants' school cultures, with the consequence that those who experienced it rationalised their experience.

The conclusions indicate that adolescent girls can gain a certain status by being able to laugh at their experience of gendered bullying. The findings show that there is a certain status connected to being considered attractive, for girls in particular. This seemed to result in the interviewees accepting the school culture as it was, belittling their experience and accepting the "attention" they could get, even if it involved sexual harassment and slut-shaming. The interviewees all spoke of being lucky, especially with having had friends or some sort of social network which they thought protected them from more severe consequences. Their experience of feeling lucky indicated that they felt responsible, or that they had made a mistake, and were lucky that nothing worse happened. Having a boyfriend and being in a heterosexual relationship seemed to free girls from slut-shaming. In heterosexual relationships, they seemed to be feminine enough to attract a man, but not too sexual or sluts. The conclusions further indicate that being with a slut is not acceptable masculinity for boys.

Bullying does not occur in a social vacuum which makes it important to consider the surrounding power structures, such as sexism, in any coverage on bullying. It is necessary to face the responsibility that adults have to prevent and deal with harassment and bullying in schools. The conclusions further indicate that since gendered bullying has its roots in the school culture, the whole school culture must change to prevent it. Further research is required to shed light on other manifestations of gendered bullying and its connections to other power structures, such as class and race.

Keywords: gendered bullying, adolescents, school culture, slut-shaming, sexual harassment

## ABOUT THE AUTHORS

Rannveig Agusta Gudjonsdottir (rag43@hi.is) completed a BA in education with gender studies as a minor subject from the University of Iceland in June 2014 and an MA in gender studies from the same university in June 2016. She is a self-employed researcher. Her research areas are: feminist grassroots organisations and lack of sexual education, sexual violence in adolescents' intimate relationships, gendered bullying, and work culture in the police.

Gyda Margret Petursdottir (gydap@hi.is) is an associate professor in gender studies at the Faculty of Political Science, University of Iceland. She has a PhD in gender studies, which she completed in 2009. Her research areas are: gender, feminism, masculinities, femininities, economic crisis, work cultures, gender relations, family responsibility, leave policies, queer studies.